



**Fundargerð 94. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn mánudaginn 16. mars 2026, kl. 09:00 Á TEAMS.**

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Magnús Stefánsson, Jóhann Snorri Sigurbergsson og Arnbjörn Ólafsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð) og Þuríður H. Aradóttir Braun

Forföll: Árni Sigfússon

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla verkefnastjóra (viðhengi)

Verkefnastjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta stjórnarfund. Unnið hefur verið að því að mynda samráðshóp sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila um uppbyggingu og ábyrgð áfangastaða innan jarðvangsins. Erfiðlega hefur gengið að finna sameiginlegan fundartíma en stefnt er að því að boða fyrsta fund hópsins á næstunni. Þá er tilnefning fulltrúa frá HS Orku væntanleg.

Einnig var greint frá áframhaldandi vinnu við fræðslu- og samfélagsverkefni jarðvangsins. Kennarar frá grunnskólum á Reykjanesi taka nú þátt í samstarfsverkefni í Danmörku sem snýr að útinámi og fræðslu í náttúru. Undirbúningur stendur yfir fyrir fræðsluverkefni tengt almyrkva á sólu árið 2026, þar sem gert er ráð fyrir heimsóknum Sævars Helga Bragasonar í grunnskóla svæðisins.

Verkefnastjóri og samstarfsaðilar hafa jafnframt unnið að undirbúningi málþings um jarðvanga og jarðminjavernd í samstarfi við Katla Geopark, Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun og Minjastofnun. Málþingið er fyrirhugað á Hvolsvelli í lok apríl og er markmið þess að efla samtal og samstarf um sameiginleg málefni jarðvanga og áðurnefndra stofnana og sveitarfélaga.

2. Gestastofa Reykjanes jarðvangs – næstu skref – umræður

Formaður hóf umræðu um framtíðarsýn varðandi gestastofur Reykjanes jarðvangs. Í umræðunni kom fram að mikilvægt sé að móta skýra stefnu um uppbyggingu og hlutverk slíkra gestastofa í samstarfi við sveitarfélög svæðisins.

Fannar Jónasson kynnti hugmyndir sem verið hefur að vinna að í Grindavík um að setja á fót miðstöð vísindamiðlunar og fræðslu um jarðfræði og náttúruvá á Reykjanesi. Hugmyndin gengur m.a. út á að nýta húsnæði Landsbankans í Grindavík fyrir slíka starfsemi. Miðstöðin væri vettvangur fyrir fræðslu, upplýsingamiðlun, sýningar og aðstöðu fyrir vísindamenn og rannsóknarteymi, auk þess að veita ferðamönnum og almenningi aðgengi að upplýsingum um eldvirkni og náttúruvá á svæðinu.

Í umræðunni kom fram að slíkt verkefni gæti verið mikilvægt fyrir svæðið og jafnframt styrkt stöðu Reykjanes jarðvangs í alþjóðlegu og innlendu samstarfi og gagnvart GGN/UNESCO. Ákveðið var að frekari gögn og greinargerð um verkefnið verði send stjórn og fylgi fundargerð.

3. Gallup könnun um viðhorf og vitund um Reykjanes jarðvang (viðhengi)

Verkefnastjóri kynnti drög að viðhorfs- og vitundarkönnun sem unnin hefur verið í samstarfi við Gallup. Upphafleg tillaga gerði ráð fyrir umfangsmeiri könnun með fleiri spurningum og breiðara úrtaki.

Í umræðum kom fram að skynsamlegt væri að hefja verkefnið með einfaldari könnun sem myndi fyrst og fremst mæla vitund og viðhorf til jarðvangsins. Stjórn taldi að slíkt gæfi góða grunnmynd sem hægt væri að byggja frekari rannsóknir á síðar.

Samþykkt var að:

- fækka spurningum könnunarinnar og byggja hana á tveimur lykilspurningum um þekkingu og viðhorf til jarðvangsins,
- verkefnastjóra verði falið að ganga frá breytingunum í samráði við Gallup og setja könnunina af stað.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður geti legið fyrir í lok apríl eða byrjun maí.

4. Önnur mál

Rætt var um undirbúning vegna úttektar Reykjanes jarðvangs hjá UNESCO. Í því samhengi kom fram að eðlilegt væri að nýlegar gosstöðvar á Reykjanesskaga yrðu skilgreindar sérstaklega sem mikilvægir jarðminjastaðir innan jarðvangsins.

Verkefnastjóri mun vinna áfram að undirbúningi fyrir úttektina og leggja fram tímalínu fyrir ferlið á næsta stjórnarfund.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:55